

Sp.

548. Fyrirspurn

[252. mál]

til landbúnaðarráðherra um leiðbeiningarþjónustu í loðdýrarækt.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er háttað verkaskiptingu og samstarfi eftirtalinna aðila um leiðbeiningarþjónustu og rannsóknar- og fræðslustarfsemi í loðdýrarækt: Búnaðarfélag Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, bændaskólanna, embættis yfirdýralæknis, rannsóknastöðvarinnar á Keldum, Sambands íslenskra loðdýraræktenda, búnaðarsambanda og annarra aðila?
2. Hversu miklu fé var varið til þessara þátta í heild og hjá hverjum ofangreindra aðila á árinu 1987?
3. Hversu miklu fé er áætlað að verja í þessu skyni á árinu 1988, í heild og hjá ofnagreindum aðilum?
4. Telur ráðherra skipan þessara mála eðlilega og að hún skili viðunandi árangri fyrir loðdýraræktina?

Skriflegt svar óskast.